

Vinnuskjal

Formáli:

Það deiliskipulag sem liggur til grundvallar alútboðs vegna knatt húss að Kaplakrika er að mati fulltrúa Bjartra framtíðar gallað – bæði vekur staðsetning hússins, lega þess og aðkoma spurningar. Ekki er heldur fjallað um þann fjölda sem fylgir þessari týpu af húsi, gerð grein fyrir flæði eða umferðarmagni á neinn hátt – annað en að í greinagerð er sagt að 0 bílastæði þurfi fyrir þetta hús!

Það er mat fulltrúa Bjartra framtíðar að ef að bærinn ætlar að fjármagna uppbyggingu fyrir íþróttamannvirki hverskonar þá þurfi að huga betur að þeim ákvörðunartökum sem skapa rýmið og uppbygginguna – deiliskipulagsáætlanir og frekari skoðanir á landnýtingu þarf að eiga sér stað á vegum bæjarins – gert af hlutlausum aðila. Þetta á við um allar framkvæmdir sem eru á teikniborðinu, hvort sem þær heita knatt hús eða reiðhallir. Umferðarmál og landnýting er mál Hafnarfjarðar sem heildar en ekki bara þeirra sem stunda viðkomandi íþrótt!

Verkefnalýsing – vegna staðarvalsgreiningar fyrir knatt hús í Hafnarfirði.

Í ljósi ákvörðunar Bæjarráðs og Bæjarstjórnar um frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði – óskar skipulags og byggingarráð Hafnarfjarðar eftir frekari staðarvalsgreiningu fyrir knatt húss innan bæjarmarka Hafnarfjarðar.

Rökstuðningur: Bæjarráð Hafnarfjarðar skipaði pólitískan starfshóp sem fór yfir þann aðstöðu vanda sem knattspyrna í Hafnarfirði glímir við og fram kemur í erindi Fimleikafélags Hafnarfjarðar dags. 15. september 2017. Skýrsla sem ber heitið „Niðurstöður vinnuhóps um aðstöðu til knattspyrnuíðkunar“ fjallar í meginráttum um hvernig og hvað skuli gera til að mæta þessum vanda – en þegar kemur að spurningunni hvar – þá er stuðst við þau íþróttasvæði sem fyrir eru í firðinum en ekki horft til þess umhverfis sem eru í kringum svæðin skipulagslega eða umferðalega séð.

Það er mikilvægt að allar hliðar þessara stóru fjárfestingar verði skoðaðar - áður en hafist er handa.

Óskað er því eftir faglegri starfsnefnd (ráðgjafa) sem fer yfir nokkrar staðsetningar í Hafnarfirði. Bæði staðsetning við Ásvelli og Kaplakrika verða metin en einnig svæði sem í dag ekki eru skilgreind sem íþrótt og tómsundarsvæði skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Verkefni ráðgjafanna / starfsnefndarinnar verður m.a:

- Að áætla þróunar og uppbyggingarmöguleika svæðanna
- Að áætla og mögulega herma umferðaraukningu með tilkomu mannvirkisins
- Að skoða möguleika á breyttum ferðavenjum svæðanna
- Ásýnd og umhverfisþættir verða metnir
- og hvort að hægt sé að skoða notkunarmöguleika í víðu samhengi.

Skila þarf skýrslu með niðurstöðum og samanburði á staðsetningu innan 6 vikna þar sem tekið verður á aðgengisgreiningu (með þekjum), upptökusvæði verða greind, ferðavenjur verða greindar og hvaða þróunarmöguleikar séu fyrir svæðið til framtíðar.